

Hitaveita Langhúsum Fljótum í Skagafirði



Mat á umhverfisáhrifum
Fyrirspurn um matskyldu

Greinargerð

Útgáfa 1.0

Dags. 21.10.2025

YFIRLIT

VERKNÚMER

10202300

VERK

Langhús í Fljótum - nýtingarleyfi

VERKÞÁTTUR

Greinargerð með fyrirspurn um matsskyldu

SKRÁARHEITI

10202300 Langhús –
nýtingarleyfi.docx

STAÐA

Útgáfa 1.0

DEIFING

Dreifing með leyfi verkkaupa

HEITI SKÝRSLU

Hitaveita Langhúsum, Fljótum í Skagafirði

VERKKAUPI

Skagafjarðarveitur

TENGILIÐUR VERKKAUPA

Gunnar Björn Rögnvaldsson

HÖFUNDUR

Atli Gunnar Arnórsson / Björn Magnús Árnason

ÚTDRÁTTUR

Skagafjarðarveitur óska eftir auknu nýtingarleyfi á borholu LH-04, Langhúsum í Fljótum, Skagafirði, úr 2,5 l/s í 35 l/s. Mælingar hafa sýnt fram á að holan getur afkastað því magni. Aukning afkasta kallar ekki á verklegar framkvæmdir heldur breytingar á stillingum á mótorloka sem stýrir rennsli úr holunni. Umhverfisáhrif eru jákvæð á efnahagslega og félagslega þætti en óveruleg á aðra umhverfisþætti.

ÚTGÁFA

NR.	HÖFUNDAR/BREYTT AF	DAGS.	RÝNT	DAGS
1.0	AGA / BMÁ	21.10.2025		

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Framkvæmdalýsing.....	3
3	Staðhættir og verndarákvæði.....	4
4	Skipulag	5
5	Helstu áhrif.....	6
6	Niðurstaða	7

1 Inngangur

Þann 4. júlí 2016 lauk borun á þremur hitaveituholum við Langhús í Fljótum, Skagafirði. Holan sem heppnaðist best, LH-04, er 170 m djúp og getur afkastað um 35 l/s af 110 °C heitu vatni.¹ Tvær af holunum þremur eru í notkun. Vatn frá holunum dreifist í vestur að Mósakógum, inn í Flókadal og út í Haganesvík, til austurs að Ketilási, þaðan til norðurs að Lambanesi og til suðurs allt að Þrasastöðum, sem er fremsti bærinn í Fljótum. Lagðir voru um það bil 46 km af lögnum um svæðið sem vatnið rennur um, frá dælustöð í hús Fljótamanna.¹

Skagafjarðarveitur þjónusta Skagfirðinga með heitt vatn. Frá 2016 hefur verið talsverð uppbygging í Fljótum og eftirspurn eftir hitaveitu aukist samhlíða því. Þá stendur til að styrkja Hofsóssveitu með því að veita vatni frá Langhúsum um nýja stofnlögn um Bakkana, að Róðhóli í Sléttuhlíð. Þar liggur stofnlögn úr dælustöð í Hrollleifsdal sem þjónustar um það bil 35,4 km svæði, frá Mið-Hól í Sléttuhlíð suður að Neðri-Ás í Hjaltadal og Viðvík í Viðvíkursveit.



¹ Skagafjarðarveitur (2016). *Formleg verklok hitaveitu í Fljótum*. Skoðað á vef Skagafjarðarveitna: <https://www.skv.is/is/frettir/formleg-verklok-hitaveitu-i-fljotum>.

Hitaveituvæðing í sveitarfélaginu hefur stuðlað að verulegum raforkusparnaði og niðurgreiðslur ríkisins vegna húshitunar hafa lækkað umtalsvert vegna þess. Áframhaldandi hitaveituvæðing á köldum svæðum og styrking á núverandi kerfi mun því stuðla að aukinni hagræðingu fyrir ríki og heimili.

Skagafjarðarveitur sækja því um leyfi til að auka við rennsli úr LH-04 en núverandi nýtingarleyfi miðast við 2,5 l/s, sem er lítið brot af því sem holan getur afkastað skv. mælingum. Sótt er um að auka nýtingarleyfi holunnar úr 2,5 l/s í 35 l/s. Verið er að sækja um að nýta það sem holan getur afkastað en þess gætt að fara ekki fram úr afkastagetu.

Vatnshiti upp úr borholu LH-04 er a.m.k. 107°C^2 . Við hönnun heitaveitu í Fljótum var miðað við að bakrásarhiti hjá notendum væri 30°C , því er um ræða hitafall upp á 77°C , og miðað við rennsli upp á 35 l/s yrði uppsett afl hitaveitunnar um 11.280 kW.


Jarðvarmaver eða iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni sem nemur 2.500 kW uppsettu afli eða meira, falla undir tölulið 3.17 í viðauka 1 í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæma og áætlana, og eru í flokki B, sem þýðir að starfsemi á borð við þá sem hér er til umfjöllunar kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Því þarf að meta með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati.

² ÍSOR-2017/048. Langhús í Fljótum – Boranir við Dælislaug. Þórólfur H. Hafstað fyrir Skagafjarðarveitur.

2 Framkvæmdalýsing

Framkvæmdum við Langhúsaveitu í Fljótum lauk formlega árið 2016. Hér er sótt um leyfi til að auka afköst núverandi holu, LH-04, en í dag er eingöngu notast við lítinn hluta af því sem hún getur afkastað. Sótt er um að auka nýtingarheimild úr 2,5 l/s í 35 l/s, en skv. mælingum er holan talin geta afkastað því magni.³ Aukning þessi kallar ekki á frekari verklegar framkvæmdir heldur verður stillingum á mótrola, sem stýrir rennsli úr holunum, breytt.


Breytingunni fylgir ekki aukin losun á úrgangi, aukinn hávaði, rykmengun eða aukin umferð. Ekki eru sérstakar framkvæmdir sem eru forsenda breytingar sem sótt er um.



³ ÍSOR-2017/048. Langhús í Fljótum – Boranir við Dælislaug. Þórólfur H. Hafstað fyrir Skagafjarðarveitur.

3 Staðhættir og verndarákvæði

Langhús lóð, landnr. 223278, er í Fljótum, um það bil 500 m suðaustan við Hópsvatn. Lóðin liggur við Siglufjarðarveg, u.þ.b. 400 m vestan við Haganesvíkurveg sem var tekinn af vegaskrá árið 2021. Næsta byggð er Langhús, Akkrar og Sólgarðar. Á lóðina er skráð 51,8 m² dæluhús og 10,6 m² geymir, bæði byggt árið 2015. Lóðin er í um 35 m hæð og aðkoma er frá Siglufjarðarvegi (76).



Fyrir liggur fornleifaskráning vegna lagningar hitaveitu í Fljótum í Skagafirði, unnin af Guðmundi St. Sigurðarsyni og Bryndísi Zoëga hjá Byggðasafni Skagfirðinga árið 2016.⁴ Gamlar tóftir liggja um 35 m norðaustan við svæðið. Aukning afkasta holu nr. LH-04 hefur ekki áhrif á fornleifar.

Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá og aukning afkasta holunnar mun ekki hafa áhrif á vistgerðir eða friðlýst svæði.

⁴ https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_1787.pdf

4 Skipulag

Svæðið er merkt í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 sem iðnaðarsvæði nr. I-7. Upplýsingar eru í töflu 14.4 á bls. 124 í greinargerð.

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Starfsemi	Leyfilegt (m ²)	Tími
I-7	Langhús í Fljótum	1,0	Borholusvæði hitaveitu. Núverandi dæluhús og geymir 62,4 m ² .	1.000	1, 2

Um jarðhita í dreifbýli segir eftirfarandi í greinargerð aðalskipulags:


„Eingöngu er litið til nýtingar varmaorku frá jarðvarmavirkjunum í Skagafirði. Átta aðskilin veitukerfi eru í rekstri: Sauðárkróksveita, Varmahlíðarveita, Steinsstaðaveita, Hjaltadalssveita, Hofsóssveita, Sólgarðaveita, Langhúsaveita og Hverhólaveita.“

Skv. f-lið, 6.2. gr. skipulagreglugerðar gildir eftirfarandi um iðnaðarsvæði (I):

„Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.“

Afkastaaukning sem sótt er um er í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið en byggingarreitur og framkvæmdaleyfi voru samþykkt með staðfestingu sveitarstjórnar þann 13. maí 2015.



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035, sveitarfélagsuppdráttur

5 Helstu áhrif

Aukning á nýtingu vatns úr borholu LH-04 hefur jákvæð áhrif á félagslega og efnahagslega umhverfispætti, þar sem Skagafjarðarveitur geta annað eftirspurn eftir hitaveitu á því svæði sem Langhúsaveita þjónar. Aukningin hefur óveruleg áhrif á gróður, dýralíf og mengun mun ekki aukast vegna þessa. Afkastageta umræddrar holu hefur þegar verið mæld. Skv. mælingum getur holan afkastað því magni sem sótt er um að nýta. Áhrif breytingar á aðra umhverfispætti, en félagslega og efnahagslega, eru óveruleg.

6 Niðurstaða

Í ljósi umfjöllunar í skýrslu þessari um eðli, umfang og staðsetningu framkvæmdar við aukna nýtingu vatns úr borholu LH-04 á Langhúsum í Fljótum, er það mat Skagafjarðarveitna að aukning á nýtingu holunnar muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.